

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 27. janúar 2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Rakel Lind Hauksdóttir (RLH), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ). Framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) kom inn á fundinn undir lið 2.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar og launaliður í áætlun ræddur
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. FKA Viðurkenningarhátíðin - þáttur í kvöld
4. Sýnileikadagurinn. Sýnileiki í takt við nýja tíma.
5. Þjónustukönnun. Framkvæmd og staða.
6. Bókhald og reikningskil - Mundakot
7. Fjölmiðlaþjálfun
8. Rekstraráætlun lögð fyrir til samþykktar.
9. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar og launaliður í áætlun ræddur

HRÁ fór yfir dagskrá fundarins.

Ræddum launalið framkvæmdastjóra. Launabreytingar framkvæmdastjóra ákveðnar samkvæmt því sem greinir í sérstöku vinnuskjali stjórnar.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

AR kom inn á fundinn undir þessum lið. Hún fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra og fór yfir helstu atriði í starfseminni á liðnum vikum og það sem framundan er og fjallaði um stöðuna á bankareikningum félagsins.

AR fjallaði um Viðurkenningarhátíðina sem haldin verður á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í kvöld og fór yfir helstu áherslur varðandi almannatengslavinnu í tengslum við hátíðina.

Hún upplýsti einig að valnefnd hefði lokið vali á þátttakendum í fjölmiðlaþjálfun FKA og RÚV og tilkynnt yrði á næstu dögum hverjar hefðu orðið fyrir valinu. Hún fjallaði einnig um undirbúning Sýnileikadagsins sem haldinn verður 27. febrúar 2021. Hún upplýsti einnig að VR hafi lýst yfir áhuga á samstarfi við FKA og á dagskrá væri fundur með formanni og framkvæmdastjóra. Þjónustukönnun er tilbúin og verður send félagskonum í lok vikunnar.

3. FKA Viðurkenningarhátíðin

ÁG greindi frá því að eftir framúrskarandi vel heppnaðan aðdraganda að viðurkenningarhátíðinni með sýningum á „Stjórnandanum“ sem er samstarfsverkefni Hringbrautar og FKA undir stjórn Huldu Bjarnadóttur yrði FKA Viðurkenningarhátíðinni sjónvarpað í kvöld kl. 21 á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Þættinum verður stýrt af Sigmundi Erni og Huldu Bjarnadóttur. AR hefur stýrt undirbúningi fyrir hátíðina af mikilli festu og tryggt að hugað sé að öllum þáttum í skipulaginu.

4. Sýnileikadagurinn - Sýnileiki í takt við nýja tíma.

VJ varpaði fram dagskrá og grafík tengt Sýnileikadeginum. Fyrirhugað er að kynningarmyndband verði tekið upp þann 4. febrúar nk. Enn liggja ekki fyrir heiti þeirra erinda sem flutt verða á sýnileikadeginum en það mun senn liggja fyrir. Almanntengslaplanið (PR) er langt komið. Arion banki er bakhjarl Sýnileikadagsins og hefur lagt fram bæði aðstöðu og fjármagn til að dagurinn verði sem glæsilegastur. Einnig hefur Advania komið með myndarlegum hætti að deginum með miklum afslætti af tæknilegri umgjörð í kringum Sýnileikadaginn.

5. Þjónustukönnun. Framkvæmd og staða.

VJ hefur unnið að gerð þjónustukönnunar í samstarfi við stjórn. Ákveðið að senda hana út 2. febrúar nk.

6. Bókhald og reikningsskil - Mundakot

Nú er yfirfærsla á bókhaldi langt komin frá Fastlandi til Mundakots. UEJ upplýsti um að Mundakot notaði bókhaldskerfið Reglu, en Margrét hjá Mundakoti telur enga vankanta vera uppi vegna yfirfærslunnar úr DK í Reglu. Hún er þegar byrjuð að bóka vegna 2021 en yfirfærslunni lýkur þegar uppgjör frá Fastlandi liggur fyrir í lok febrúar nk.

7. Fjölmiðlaþjálfun.

Undirbúningur fyrir fjölmiðlaverkefnið er í fullum gangi. Það liggur fyrir að 7 konur af þeim 12 sem eru þátttakendur eru FKA konur en það er krafa af hálfu RÚV að verkefnið sé opið öllum konum. UEA er fulltrúi stjórnar í verkefninu og hefur annast samskipti við RÚV, leiðbeinendur og þátttakendur.

8. Rekstraráætlun lögð fyrir til samþykktar.

Rekstraráætlun vegna ársins 2021 var rædd, yfirfarin og samþykkt samhljóða af öllum stjórnarkonum með fyrirvara um að breyta þurfi launalið framkvæmdastjóra í samræmi við ákvörðun í lið 1.

9. Önnur mál

MJN fór yfir stöðuna á landsbyggðarráðstefnunni og greindi frá því að hún verði haldin 20. mars. Mjög góður andi í tengslum við skipulagninguna. Ráðstefnan verður haldin á Bifröst. Frábærir fyrirlesarar munu vera með erindi.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.